

Fagskrifstofa leikskólamála

Reykjavíkurborg

Borgartún 10-12

105 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2019

EFNI: UMSÓKN UM STARFSLEYFI TIL REKSTURS UNGBARNAEILDAR Á BARNHEIMILINU ÓSI

Barnaheimilið Ós hefur starfrækt leikskóla frá árinu 1973. Leikskólinn er eini foreldrarekni leikskólinn á landinu og hefur hann frá upphafi verið rekinn af hugsjónaríkum foreldrum í góðu samstarfi við menntað fagfólk. Skólinn var lengst af til húsa í gulu bárujárnshúsi við Bergþórugötu í Reykjavík en flutti á Skerplugötu 1 sumarið 2017 þegar leikskólinn Mýri var lagður niður. Skólinn var upphaflega stofnaður af foreldrum vegna skorts á dagvistunarúrræðum fyrir reykvísk börn. Hugmyndafræðin á bakvið skólann er sú að eðlilegt samhengi sé á milli uppeldis á Ósi og heima fyrir. Ós er heimili barnsins og eru foreldrar ávallt velkomnir til að taka þátt í starfinu. Segja má að rauði þráðurinn í starfinu sé sá að skapa heimilislegan og kærleiksríkan anda. Í dag eru næg dagvistunarúrræði fyrir börn frá tveggja ára aldri en tímabilið eftir að fæðingarorlofi sleppir og þar til börn verða tveggja ára er mörgum foreldrum og börnum erfitt. Teljum við því að stofnun ungbarnaeildar sé í samræmi við upphaflegt markmið skólans.

Stjórn skólans skipa foreldrar og er rekstur skólans á ábyrgð þeirra. Foreldrar ráða leikskólastjóra og annað starfsfólk í samráði við leikskólastjóra. Þegar þetta bréf er skrifað eru 38 börn í skólanum en skólinn hefur leyfi til að hafa 45 börn.

Eining er um það innan foreldrahópsins að rekstrarform foreldrarekins leikskóla bjóði ekki upp á öra eða mikil fjölgun í barna (og foreldra-) hópnum.

Barnaheimilið Ós óskar hér með eftir starfsleyfi til reksturs ungbarnaeildar fyrir allt að 7 börn frá 12 mánaða aldri. Ekki er óskað eftir því að heildarfjöldi barna í skólanum aukist heldur eingöngu að borgin greiði framlag með allt að 7 börnum frá 12 mánaða aldri. Gert er ráð fyrir að börnin verði í sérstökum hóp þar sem þarfir þeirra eru aðrar en eldri barnanna. Hins vegar yrðu börnin með eldri börnum í útivist, kaffitíma og á ákveðnum tímum dags (byrjun og lok). Lögð yrði áhersla á að skapa börnunum rólegt, öruggt og heimilislegt umhverfi.

Guðríður Lára Þrastardóttir

f.h. stjórn Barnaheimilisins ÓS